

Vélsm.   
**Árna Jóns ehf.**  
Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**  
SNÆFELLSBÆ

225. tbl - 5. árg.

20. október 2005



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR

-bakhjarl í byggð-

## Fleiri nýir bátar



Enn koma nýir og breyttir bátar til Snæfellsbæjar. Brynja SH 237 kom fyrir skömmu til heimahafnar í Ólafsvík. Það er útgerðarfélagið Bjartsýnn ehf sem hefur fest kaup á bátnum sem er af gerðinni Gáski 1200 og hét áður Sænes SU. Hefur báturinn þegar hafði veiðar á línu og að sögn Heiðars Magnússonar útgerðarmanns og skipstjóra er hann mög ánægður með bátinn í alla staði.

Báturinn var endurbyggður hjá Batahölinni á Hell-

issandi, meðal breytinga voru að báturinn var lengdur um 3 metra og er dekkið nú 8,3 m. á lengd, báturinn var breikkaður um 30 cm og brú var hækkuð um 30 sm. rafmagn var endurnýjað og ýmsar breytingar gerðar á íverustöðum. Ný 450 hestafla Cummings vél var sett í bátinn og er ganghraði bátsins 23 mílur. Báturinn tekur nú 14 stk 450 lítra kör í lest.

Að sögn Viðars Hafsteinsonar eiganda Batahallarinnar hefur hann keypt 2 aðra Gáskabáta og breyta þeim á



sama hátt og Brynju.

Við breytinguna stækka þessir bátar úr 6 tonnum í 15 tonn að stærð.

Rétt fyrir síðustu helgi kom svo Vestri BA til hafnar í Rífi, Nónvarða ehf. útgerðar-

fyrirtæki Kristjáns Jónssonar keypti Vestra og með honum kvóta og verður báturinn gerður út á dragnót. Nónvarða ehf hefur m.a. gert út Matthías SH 21.

Myndirnar tók Alfons.

## Hvar er þokinn minn?

Fallegur bakpoki úr leðri í brúnum setringum varð viðskila við eiganda sinn fyrstu dagana í október um sama leyti og hausinn fauk af Kjartani, hananum á bænum, þeir bera sömu líti.

Eigandinn er svektur og sár.

Sá sem hefur einhverjar upplýsingar um pokann vinsamlegast hringið í síma 864-1363.



## Pólsk hátíð.

Í tilefni af Þjóðhátíðardegi Póllands 11. nóvember verður haldin hátíð í Félagsheimlinu Klifi þann 12. nóvember nk kl 20,00.

Á dagskránni verður ma. tónlist, söngur, og dans og á borðum verður pólskur matur. Miðasala verður í Klifi sunnudaginn 6. nóvember kl. 16,00. Miðaverð er kr 2500 og allir eru velkomnir.

Nánar verður auglýst síðar.

Undirbúningsnefndin

### Polskie Święto

Z okazji Święta Odzyskania Niepodległości 11.XI, odbędzie się w Klifi 12 listopada 2005 r., Polska Kolacja połączona z programem artystycznym.

**Wszystkich serdecznie zapraszamy!!!**

Sprzedaz biletów w Klifi 06 listopada, godz. 16<sup>00</sup>,  
Cena 2 500 kr. osoba.

# Nýtt sjónarhorn í vegamálum í Snæfellsbæ

Ill nauðsyn krefst þess að nú þegar verði hafist handa við nýjar áherslur í gerð vegar á svæði Fróðárheiðar. Því verði leitað til samgönguráðherra um hugsanlega gerð nýs vegar frá gatnamótum við Klettakot inn í botn Seljadals sem nær verulega inn í svæði fjallendisins sem láglandisvegur. Þar við taki gerð jarðganga með stefnu undir Kambsskarð. Þaðan eru u.þ.b. 4 km að þjóðvegnum í Breiðuvík.

Slík jarðgöng myndu leysa af hólmi 75 ára gömul samgöngumál yfir Fróðárheiði, yfir fjallveg sem hæstur er 300-400 m yfir sjávarmáli.

Með slíkum láglandissamgöngum milli suður- og norðurhluta Snæfellsbæjar, þar sem allflestir íbúarnir búa, myndi ljúka 12 ára gamalli áætlun sem lá til grundvallar sameiningu Snæfellsbæjar 1994.

Með tilliti til stórkostlegra tækniframfara síðustu ára í vegagerð með sprengi- og bortækni, einnig því að ríkisvaldið hefur nú yfir miklu fjármagni að ráða í samgöngumálum, sem eru m.a. hinir svokölluðu „símapieningar“, - væri það sanngirnismál að fyrstu jarðgöng gegnum Snæfellsnessfjallgarð yrðu til að leysa hina 75 ára gömlu vegsögu Fróðárheiðar af hólmi.

Síðustu áratugina höfum við verið full ergelsis yfir seinangangi á vegabótum á Fróðárheiðinni en á sama tíma er runnin upp ný stefna



í gerð vega í fjallendi landsins. Kjarni þeirrar stefnu er borun vegganga. Í framtíðinni munu slíkir vegir ekki liggja yfir há fjallendi heldur undir og verða þannig sem mest jafngildi láglandisvega. Þær skoðanir sem hér eru settar fram eru að mínum dómi þær sem best henta u.þ.b. 90% íbúa Snæfellsbæjar sem búa hér innan og utan Ólafsvíkurennis. Ef af verður mun það treysta bestu og stystu tengingu okkar yfir á þjóðveg 54 sem svo aftur skilar okkur inn á þjóðvegakerfi landsins. Þessi nýja veltenging bætti betur en aðrar samskipti okkar innan bæjarfélagsins, sunnan og norðanmegin. Nýr slíkur vegur mun betur en nú er treysta heilsgæsluþjónustuna, öryggi af frekari nærveru slökkviliðsins og auðvelda skipulag skóla og fræðslumála, t.d. betra aðgengi íbúanna að hinum nýja fjölbrautaskóla. Þetta greiddi á margan hátt fyrir aukinni ferðaþjónustu á svæðinu, má þar nefna að eitt best búa félagsheimili á landsbyggðinni yrði aðgengilegra fyrir alla íbúana fyrir menningar- og skemmtihalds, einnig til ráðstefnu - og fundahalds. Ekki er ólíklegt að slík veg-

tenging í jarðgöngum yki möguleika smábátaflotans til að stunda jöfnum höndum fiskveiðar á gjöfulum fiskiðum hvort tveggja á Breiðafirði og norðanverðum Faxaflóa. Í Snæfellsbæ er staðsettur Fiskmarkaður Íslands, vinsælt og vel rekið fyrirtæki sem er mjög háð traustu vegakerfi fyrir stór farartæki vegna aðfanga og dreifingar á miklu magni fiskverðmæta.

Skoðanir þær um samgöngumál í Snæfellsbæ sem hér eru settar fram eru mínar eigin en ekki settar fram á vegum hópa eða samtaka. Þeim er ætlað að styrkja betur samskipti innan bæjarfélagsins alls og treysta þannig sjálfstæðan grundvöll þess í framtíðinni.

Frumskilyrði þess að slíkt nái fram að ganga er að bæjarstjórn Snæfellsbæjar taki slíkt frumkvæði á sínar hend-


ur, bretti upp ermar, tryggji fljótlega alla rannsókn þessa máls og síðar atfylgi stjórnvalda til framkvæmda ef engir tæknilegir meinbugir finnast á því.

Gera verður ráð fyrir því að allir þingmenn Norðvesturkjördæmis vilji stuðla að þessu því við höfum fagnað framgangsmálum sem þessum á Vestfjörðum fyrr og nú síðast hjá Bolvíkingum. Auk þess hljóta fyrstu 3 þingmenn kjördæmisins að fagna því sérstaklega að fá tækifæri til að stuðla að jafnmiklu framfaramáli í átthögum sínum hér í Snæfellsbæ.

Stillum saman krafta okkar til tryggingar jafnstöðu okkar við aðra landshluta í til grundvallar þessu framtíðarmáli okkar íbúa Snæfellsbæjar!

Ólafsvík, í október 2005

Elinbergur Sveinsson



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggtitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Eldriborgarar - Nesball

Nesball eldriborgara verður haldið  
í Félagsheimili Grundarfjarðar  
**laugardaginn 29. október 2005.**

Húsið opnar kl: 19:00  
Borðhald hefst kl.20:00

Miðaverð er kr. 2.200,- pr. mann.  
Og greiðist í rúttunni

Rútuferðir verða, og verður lagt af stað  
frá Éssó Hellissandi kl.18:00


Rútuferðin kostar kr.1.000,-

Þáttaka tilkynnist til Margrétar  
í síma 436-6898 fyrir 23. október.



**Fiskiðjan Bylgja hf**  
Sími: 436 1291 · Netf. bylgja@bylgja.is

Bæjarblaðið



Upplag: 800  
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson  
Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ  
Netfang: steinprent@sinnet.is  
Sími: 436 1617

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf.  
og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ.  
Blaðið kemur út vikulega.

# HAUSTTILBOÐ

## á KÓPAL innimálningu

gildir til 1. desember 2005



BYKO-VERÐ

### Verðdæmi:

KÓPAL +10 hvítt, 4L 2.460

KÓPAL +10 hvítt, 10L 5.995

KÓPAL Glitra hvítt, 4L 3.490

KÓPAL Birta hvítt, 4L 3.990



**LITABÚÐIN EHF.**

Ólafsbraut 55 • 355 Ólafsvík • Sími 436 1313

## TILBOÐ ÓSKAST

**Guðlaug SH 345**

Sk.nr. 1611



**Guðlaug SH 345**  
er til sölu ásamt  
eftirfarandi aflaheimildum

Bætur þorskur	8.400 kg
Þorskur	95.118 kg
Ýsa	50.409 kg
Ufsi	8.013 kg
Karfi	208 kg
Langa	52 kg
Keila	18 kg
Steinbítur	5 kg
Skötuselur	133 kg
Grálúða	1 kg
Skarkoli	904 kg

### Tilboð óskast

**Upplýsingar**  
í síma 897 4838  
og  
**Garðar Garðarsson hdl.**  
í síma 520 2900



SNÆFELLSBÆR  
...þar sem fjökullinn ber við loft...

## AÐSETURSSKIPTI



Með tilvísan til laga nr. 73/1952 um aðsetursskipti er hér með vakin athygli á þeirri skyldu að tilkynning um flutning á árinu 2005 þarf að berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar.

Athygli er vakin á því að um leið og einstaklingar flytja sitt lögheimili þarf einnig að tilkynna um flutning á fyrirtækjum sem geta átt lögheimili á sama stað.

Flutningstilkynningar fást á skrifstofu Snæfellsbæjar á Hellissandi.

Bæjarritarinn í Snæfellsbæ

# Fleiri nýbúar í Breiðafirði

## Flundra

### *Platichthys flesus*

Flundra tilheyrir flyðruætt Pleuronectidae. En það eru misstórir fiskar með hægri hlið dökka sem á eru augu. Í NA-Atlantshafi þekkjast 9 tegundir en hér eru 8 af þeim (Skarkoli, flundra, sandkoli, þykkvalúra, langlúra, lúða, grálúða og skrápflúra).

Flundra er eins og aðrir flatfiskar kringluleit en breidd fisksins er minni en hálf lengd hans, munnur smár og augu að mestu á efri hlið. Flundra er hrjúf viðkomu sérstaklega eftir miðrákinni sem uppúr standa gaddar, hún er grænleit með óreglulegum rauðleitum/dökkum blettum að ofan en hvít að neðan. Stærst verður hún 50 cm en hér verður hún yfirleitt ekki stærri en 25-30 cm.

Auðvelt getur verið fyrir leikmann að rang-greina hana sem rauðsprettu en það virðast þessar tegundir gera líka því dæmi eru um að þær hafi átt afkvæmi saman.

Flundran er göngufiskur sem eyðir mestum hluta úr ári í ísölu vatni og finnst gjarnan í og við árósa, lón og firði með lágri seltu. Á veturna hörfar fiskurinn í dýpri



og hlýrri sjó þar sem hann hrygnir að vori.


Flundra er um austanvert grunnsævi Evrópu allt frá Miðjarðar- og Svartahafi í suðri til norðurstranda Skandinavíu og Rússlands í norðri og lifir mest á smáfiski og hryggleysingjum. Talið er að flundra hafi borist higað til lands með kjölvatni skipa frá Evrópu.

Ekki eru mörg ár síðan þessi fiskur veiddist fyrst hér á landi en síðustu misseri

hefur flundrunnar orðið vart víða t.d. í Hlíðarvatni í Selvogi, í Varmá og Ölfusá. Á Snæfellsnesi hafa flundrur fundist í Lárvaðli og Hraunfirði ofan stíflu, Staðará og Straumfjarðará.

Bein sókn hefur ekki verið nein hér á landi en evrópu-búar aðrir veiða árlega rúm 12 þúsund tonn af henni, mest í gildrur og net. Mest varð veiðin 1998 eða rúm 16 þús. tonn.

## Örnefnamynd Lionsklúbbs Ólafsvíkur



er til sölu hjá Kristjáni Helgasyni  
í síma 436 1198  
og í Versluninni Hrund, Ólafsvík.

Myndin fæst í tveimur stærðum:  
120x30cm - verð kr. 15.000  
150x40cm - verð kr. 22.000

*Tilvalið til afmælis-, tækifæris- og jólagjafa.*



SNÆFELLSBÆR  
...þar sem Jökullinn ber við loft...

## FJÁRHAGSÁÆTLUN SNÆFELLSBÆJAR OG STOFNANA 2006

Undirbúningur fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2006 stendur nú yfir.

Þau félagasamtök sem vilja koma ábendingum og óskum um fjárveitingu á árinu 2006 á framfæri við bæjarstjórn, eru vinsamlega beðin að senda skrifleg erindi þar um fyrir 5. nóvember 2005.

Athugið að umsókn þarf að fylgja afrit af síðasta ársreikningi samtakanna.

Bæjarritari

## Starfsfólk óskast

á Hótel Búðir  
ihlutastörf í vetur

- Þrif -
- Þjónustu -
- Aðstoð í eldhús -

Áhugasamir hafi samband  
í síma 435-6700  
Eða sendi póst á [budir@budir.is](mailto:budir@budir.is) .



Hótel Búðir  
Búðum  
356 Snæfellsbæ  
[www.budir.is](http://www.budir.is)



Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Engihlíð 28, 355 Ólafsvík · Sími 430 6500 · Fax 430 6501

## INFLUENSU BÓLUSETNING

Hin árlega influensubólusetning er hafin á Heilsu-gæslustöð Ólafsvíkur og stendur yfir í **október**.


Bólusettt verður **frá kl. 09:00 - 12:00 og 13:00 - 14:30 mánudaga, miðvikudaga og föstudaga.**

Tímamantanir í síma 430 6500 frá kl. 10:00 - 16:00.

Bólsett verður í Grunnskólanum á Lýsuhóli **fimmtudaginn 27. október frá kl. 13:00 - 15:00.**

Mælt er sérstaklega með bólusetningu allra 60 ára og eldri, allra fullorðinna og barna með langvinna lungna-, nýrna- og lifrasjúkdóma, sykursýki, illkynja sjúkdóma og aðra ónæmisbælandi sjúkdóma.

Einnig þá sem annast fólk með aukna áhættu.



Heilsugæslustöðin Ólafsvík



## Bangsadagar á bókasafninu

Alþjóðlegi bangsadagurinn er fimmtudaginn 27. október.

Af því tilefni bíður bókaforður öllum krökkum í Snæfellsbæ að koma með bangsana sína á bókasafnið dagana 24 - 28 október.

Krakkar sem lána safninu bangsann sinn þessa daga fara í bangsapottinn. Einnig verður listapottur þar sem börnin teikna bangsamyndir.

Dregið verður úr pottunum mánudaginn 31. október

Á bangsadaginn verða svo lesnar bangsasögur fyrir krakkana milli 16-17.

Hlakka til að sjá ykkur

kveðja

Kolbrún Steinunn  
bókaforður



SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐIN  
Á VESTURLANDI



FJÖLBRAUTASKÓLI  
SNÆFELLINGA

## Vélavörður - Vélstjórn 1. stig

16 einingar (300 klst.)

Áhugaskráning í nám á vorönn 2006

Fyrirhugað er að hefja vélavaranám í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grunðarfirði á vorönn 2006 ef næg þátttaka fæst.

Þetta er nám sem veitir að viðbættum siglingatíma atvinnuréttindi til að starfa sem yfirvélstjóri á skipi með aðalvél allt að 375kW og undirvélstjóri eða dagmaður á stærri skipum. Stefnt er að því að kenna utan hefðbundins vinnutíma og dreifa náminu á tvær til þrjár annir.

Þeir sem hugsanlega hafa áhuga á að taka þátt í þessu námi skrái sig hjá Símenntunarmiðstöðinni. Sú skráning er ekki bindandi en nauðsynleg til að taka ákvörðun um hvort af náminu verður eða ekki.

Sími 437 2390 og á [www.simenntun.is](http://www.simenntun.is)

**Caxis**  
hársnyrtistofa

Borgarbraut 1 Stykkishólmi  
Sími: 438-1587

## Viðskiptavinir athugið.

Lokað verður

Föstudaginn 21. okt

Laugardaginn 22. okt

Mánudaginn 24. okt

Þessa daga verðum við í London að kynna okkur helstu strauma og stefnur í hártískunni.

Opnum aftur þriðjudaginn 25. okt

Verið velkomin.  
Dís og María

Ólafsvíkirkirkja  
SUNNUDAGINN  
23. október

# GUÐSPJÓNUSTA KL. 14:00

Félagar úr Gídeonfélagi Akraness lesa ritningarlestra og flytja hugvekju.

Eftir messu verður kynning í safnaðaheimili kirkjunnar  
á starfsemi Gídeonsfélagsins á Akranesi.

## SUNNUDAGASKÓLI kl. 11:00

Söngur, gleði og gaman...



*Komum saman í kirkjunni  
til tilbeiðslu og þakkargjörðar*

# FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN



Fimmtudaginn 27. október n.k. mun verða tekin fyrsta skóflustungan að nýju parhúsi fyrir 60 ára og eldri við Engihlíð í Ólafsvík.

Þetta er fyrsti áfanginn í byggingu tveggja nýrra parhúsa sem eiga að vera tilbúnar til afhendingar í september 2006

Íbúar Snæfellsbæjar eru hjartanlega velkomnir á svæðið.

*Bæjarstjórnin í Snæfellsbæ*